

# Samningur

## mennta- og menningarmálaráðuneytis við Borgarsögusafn Reykjavíkur

### um ráðstöfun styrktar-/rekstrarframlags í fjárlögum vegna varðskipsins Óðins

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Borgarsögusafn Reykjavíkur, kt. 530269-7609, í samningi þessum nefnt Borgarsögusafnið, gera með sér svofelldan samning um ráðstöfun framlags til reksturs varðskipsins Óðins sem safns:

#### 1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- Viðhalda minja- og varðveislugildi varðskipsins Óðins sem hluta af minjum og fróðleik um þorskastríðsárin milli Íslendinga og Breta og sögu sjóbjörgunar við Ísland,
- stuðla að rekstri og viðhaldi skipsins sem safns.

1.2. Borgarsögusafnið mun m.a. vinna að ofangreindum markmiðum með eftirfarandi hætti:

- Að skipið verði opið almenningi til skoðunar,
- að veita almennum gestum sem heimsækja skipið leiðsögn og fræðslu um sögu þess, hlutverk og þjónustu sem varðskips og björgunarskips,
- að taka á móti skólabörnum og veita þeim fræðslu um grunnatriði skipa sem og hlutverk varðskipsins Óðins sérstaklega,
- að safna heimildum og gögnum um sögu varðskipsins Óðins í formi frásagna, bréfa, viðtala, blaða- og tímaritsgreina, ævisagna og annarra heimilda og gera aðgengilegar fyrir fræðimenn og almenning.

#### 2. Forsendur samnings og lagaheimildir


2.1. Framlag ríkisins til samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs og er það 4,0 m.kr. árið 2016.

2.1.1. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármála- og efnahagsráðuneyti, sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál, og við Alþingi. Það mun leggja til við fjárlagagerð að árlegt framlag til samningsins út samningstímamann verði í samræmi við gr. 2.1. með fyrirvara um að Borgarsögusafnið standi við skuldbindingar sínar. Gerður er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Borgarsögusafnið ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.

2.2. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.

2.3. Borgarsögusafnið starfar samkvæmt skipulagsskrá sem var samþykkt 13. maí 2014.

2.4. Borgarsögusafnið starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

43 



### 3. Ábyrgð

- 3.1. Borgarsögusafnið ber ábyrgð á þeirri starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Borgarsögusafnið skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. Borgarsögusafnið ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. Borgarsögusafninu er óheimilt að:
  - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

### 4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag í fjórum jöfnum hlutum, fyrsta dag mánaðar, ársfjórðungslega. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Borgarsögusafnsins.
- 4.2. Borgarsögusafnið hefur milligöngu um að ráðuneytinu sé skilað eftirfarandi upplýsingum um rekstur varðskipsins Óðins sem safns:
  - 4.2.1. Áætlun um rekstur og sjóðsstreymi ásamt starfsætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlaginu og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að fyrir lok janúar ár hvert.
  - 4.2.2. Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert og skal afrit jafnframt sent Ríkisendurskoðun.
- 4.3. Eigi Borgarsögusafnið í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þess, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

### 5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fulltrúar ráðuneytis og Borgarsögusafnsins funda að lágmarki árlega um samninginn.
- 5.3. Fyrir lok júní ár hvert skilar Borgarsögusafnið ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins þar sem fram komi meðal annars hver staða verkefna sem tengjast rekstri varðskipsins Óðins sem safns er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.
- 5.4. Borgarsögusafnið skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.5. Borgarsögusafnið veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálf eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.
- 5.6. Samning þennan, ársreikning Borgarsögusafnsins vegna reksturs varðskipsins Óðins sem safns, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Borgarsögusafnsins jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.7. Borgarsögusafnið setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir reksturs varðskipsins Óðins sem safns, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.

LB






## 6. Vanefndir og meðferð ágreinings


- 6.1. Borgarsögusafnið tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem safnið hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Borgarsögusafnið ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2016 til 31. desember 2018.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir að gildistími samningsins lýkur skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík 18. apríl 2016.

  
Illugi Gunnarsson,  
mennta- og menningarmálaráðherra.

  
Guðbrandur Benediktsson,  
safnstjóri  
Borgarsögusafns Reykjavíkur.